

Verklagsreglur um úrbótasjóð tónleikastaða í Reykjavík

1. gr. Markmið. Hlutverk úrbótasjóðs er að styðja við tilvist minni og miðlungs stórra tónleikastaða í Reykjavík með því að veita styrki til úrbóta á tónleikastöðunum hvað varðar aðstöðu, aðbúnað og aðgengi. Þannig er stuðlað að áframhaldandi aðstöðu fyrir lifandi tónlistarflutning í borginni sem styður um leið við tónlistarlífið og eflir mannlífið. Gert er ráð fyrir að styrkhafar beri sjálfir fjórðungs hluta kostnaðar við úrbæturnar. Heimilt er að reikna kostnað við eigið vinnuframlag.

2. Gr. Tímabil. Um tímabundið átaksverkefni er að ræða. Fyrst var úthlutað úr sjóðnum árið 2020.

3. gr. Tekjur. Úrbótasjóður tónleikastaða heyrir undir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar og eru tekjur hans:

1. Árlegt framlag úr menningarhluta borgarsjóðs að upphæð kr. 8 milljónir.
2. Aðrar tekjur er sjóðnum kunna að hlotnast.

4. gr. Stjórn. Úrbótasjóðurinn heyrir undir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð sem skipar faghóp til tveggja ára sem fer yfir umsóknir. Ráðið tilnefnir einn fulltrúa sem er jafnframt formaður og aðrir aðilar að sjóðnum sem leggja sjóðnum til fé skipa einn fulltrúa hver. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Faghópurinn leggur fram rökstuddar tillögur um úthlutun úr sjóðnum fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð sem endanlega ákveður úthlutanir.

5. gr. Styrkveiting. Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til smærri og miðlungsstórra tónleikastaða og menningarhúsa er sinna tónleikahaldi í Reykjavík vegna úrbóta er varða aðstöðu, aðgengi og aðbúnað. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð auglýsir eftir umsóknum og úthlutar úr sjóðnum einu sinni á ári. Styrkþegar skulu gera grein fyrir ráðstöfun styrkfjárins fyrir lok úthlutunarárs. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráði er heimilt að ákveða að tiltekin verkefni hafi forgang við úthlutun styrkja enda sé þess getið í auglýsingum. Skilyrði fyrir úthlutun úr sjóðnum er að umsækjendur leggi fram áætlun um rekstur tónleikastaða a.m.k. tvö ár fram í tímann, skýri frá stefnu og áherslum er varða tónleikahald, geti sýnt fram á góða stjórnarhætti og trúverðugleika eigenda og stjórnenda og séu með samning við STEF vegna opinbers flutnings á tónlist. Einnig verður að fylgja með kostnaðaráætlun yfir fyrirhugaðar úrbætur ásamt upplýsingum um hvernig staðurinn hyggst fjármagna sinn hluta kostnaðarins.

6. gr. Umsóknir. Sækja skal um styrk úr úrbótasjóði á þar til gerðu eyðublaði inni á <https://reykjavik.is/urbotasjodur-tonleikastada> og senda á netfangið tonlistarborgin@reykjavik.is. Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2022.